

KIRKJUBÓL, LEIKSKÓLI VIÐ KIRKJULUND 1. GARÐABÆ
VIBYGGING OG ENDURGERÐ LEIKSKÓLADEILDA

ÚTBOÐSLÝSING

APRÍL 2019



Efnisyfirlit

0	Yfirlit útboðs	0.4
0.1	Almennt	
0.1.0	Tungumál	0.4
0.1.1	Útboðsyfirlit og helstu dagsettingar	0.4
0.1.2	Verkkaupi	0.4
0.1.3	Útboðsform	0.5
0.1.4	Kröfur til bjóðenda	0.5
0.1.5	Verkið – Áfangaskipting framkvæmda	0.6
0.1.6	Kynningarfundur - vettvangsskoðun	0.6
0.1.7	Verksamningur - verkáætlun	0.6
0.1.8	Framkvæmdatími - verklok	0.7
0.2	Upplýsingar um verkkaupa, ráðgjafa og eftirlit	
0.2.1	Verkkaupi	0.7
0.2.2	Ráðgjafar	0.7
0.2.3	Eftirlit verkkaupa	0.8
0.3	Útboðsgögn - reglugerðir - staðlar	
0.3.1	Útboðsgögn	0.8
0.3.2	Skýringar á útboðsgögnum - viðaukar	0.8
0.3.3	Uppdrættir og lýsingar	0.9
0.3.4	Lög, reglugerðir og leiðbeiningar	0.9
0.3.5	Framsal réttinda - undirverktakar	0.9
0.3.6	Frávik frá stöðlum	0.9
0.4	Tilboð	
0.4.1	Gerð og frágangur tilboða	0.10
0.4.2	Fylgigögn með tilboði	0.10
0.4.3	Auðkenni tilboðs	0.11
0.4.4	Tilboðstrygging - gildistími tilboða	0.11
0.4.5	Opnun tilboða	0.11
0.4.6	Meðferð og mat tilboða	0.11
0.4.7	Þóknun fyrir gerð tilboðs	0.12
0.5	Greiðslur - verðlagsgrundvöllur	
0.5.1	Ýmislegt sem verkkaupi annast og kostar	0.12
0.5.2	Efni sem verkkaupi leggur til	0.12
0.5.3	Breytingar á verkinu - aukaverk, viðbótarverk	0.12
0.5.4	Frestir - tafabætur (dagsektir)	0.12
0.5.5	Greiðslur og reikningsskil	0.13
0.5.6	Verðlagsgrundvöllur	0.13
0.5.7	Fyrirframgreiðsla	0.13
0.6	Ábyrgðir - tryggingar - ágreiningsmál	
0.6.1	Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld	0.13
0.6.2	Framkvæmdatrygging - verktrygging	0.14
0.6.3	Veðsetning - eignarréttarfyrirvari	0.14
0.6.4	Misræmi í gögnum	0.15
0.6.5	Ágreiningsmál	0.15

0.7	Vinnustaður	
0.7.1	Athafnasvæði og vinnuaðstaða	0.15
0.7.2	Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni	0.15
0.7.3	Umhirða á vinnustað	0.15
0.7.4	Öryggi á vinnustað	0.16
0.8	Frágangur og gæði verks	
0.8.1	Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir	0.16
0.8.2	Gæði verksins	0.17
0.8.3	Efnisval og vinnuaðferðir	0.17
0.8.4	Málsetningar og mælingar	0.17
0.8.5	Sýnishorn og prófanir	0.17
0.8.6	Samskipti við yfirvöld	0.18
0.8.7	Úttekt	0.20
0.9	Teikningaskrá	0.21
0.10	Ýmis form og eyðublöð	
0.10.1	Form verksamnings	0.24
0.10.2	Form verktryggingar	0.25
0.10.3	Form fylgiblaðs með tilboði	0.26
x	Tilboðsskrá - skýringar	
x.1	Tilboðsskilmálar	0,27
x.2	Einingaverð	0,27
x.3	Tímavinna	0,27
x.3.1	Vélavinna	0,27
x.3.2	Vinnulaun	0,27
x.3.3	Efni	0,28
x.4	Tilboðsblað	0,28

0 YFIRLIT ÚTBOÐS

0.1 Almennt

0.1.0 Tungumál

Tilboðum og umbeðnum fylgigögnum skal skilað á íslensku. Tungumál verksins er íslenska og öll samskipti milli verktaka (þ.m.t. undirverktaka) og fulltrúa verkkaupa (eftirlits og hönnuða) skulu fara fram á íslensku.

Öll gögn í verkinu eru á íslensku, m.a. teikningar og verklýsingar. Því er það ófrávíkjanleg krafa og á ábyrgð verktaka að ávallt séu á verkstað aðilar sem tryggja það að allar upplýsingar í gögnum sem og fyriræli eftirlits skili sér til þeirra er vinna verkið. Þetta á við um verktaka og alla undirverktaka hans.

0.1.1 Útboðsyfirlit og helstu dagsetningar

- Opið almennt útboð.
- Tilboð auglýst:Laugardaginn 06. **april 2019**.
- Afhending rafrænna útboðsgagna, án endurgjalds, á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is:
Frá og með:**Miðvikudeginum 10. april 2019 kl 16:00**
- Vettvangsskoðun: **Mánudaginn 15. april 2019 kl. 15:00**.
- Fyrirspurnarfrestur útrunninn:**Þriðjudaginn 23. april. 2019 kl. 16:00**.
- Svarfrestur útrunninn: **Föstudaginn 26. april 2019 kl. 17:00**.
- **Skil og opnunartími tilboða:** **Fimmtudaginn 02. maí 2019 kl. 14:00**.
- Opnunarstaður tilboða er:**Bæjarskrifstofur Garðabæjar Garðatorgi 7, Garðabæ.**
- Tilboð skulu gilda í 4 vikur eftir opnun þeirra.
- Fyrirhugað er að framkvæmdir geti hafist: **Föstudaginn 17. maí 2019**.
- Verkinu skal skilað fullfrágengnu: **29. nóvember. 2019**.

0.1.2 Verkkaupi

Bæjarsjóður Garðabæjar óskar eftir tilboðum í endurgerð leikskóladeildar við leikskólann Kirkjuból við Kirkjulund 1 Garðabæ, í samræmi við útboðsgögn þessi. Verkið nefnist **Leikskólinn Kirkjuból – viðbygging og endurgerð leikskóladeilda**.

Verkið skal unnið samkvæmt útboðslýsingu þessari, meðfylgjandi öðrum útboðsgögnum, og þeim gögnum öðrum, sem þar eru tilgreind. Verkið skal unnið í samræmi við gildandi byggingarreglu-gerð og samkvæmt öðrum þeim reglugerðum og ákvæðum, sem gilda um hliðstæðar framkvæmdir, og er verktaki ábyrgur fyrir því að eftir þeim sé farið.

Innifalið í tilboði skal vera allt það sem til þarf til að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum þessum. Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblað og sundurliða í sundurliðunarskrá.

Tilboð skal miða við föst einingaverð eða heildarverð. Engar verðbætur verða greiddar á samningstímanum.

0.1.3 Útboðsform

Útboð þetta er opið og verður auglýst í Fréttablaðinu og á útboðsvef Garðabæjar www.gardabaer.is

0.1.4 Kröfur til bjóðenda

Krafa um upplýsingagjöf:

Þeir bjóðendur sem eftir opnun og yfirferð tilboða koma til álita sem viðsemjendur skulu, sé þess óskað, láta í té innan viku eftirtaldar upplýsingar samanber IST 30 grein 2.5.4. Verði dráttur á afhendingu umbeðinna upplýsinga áskilur verkkaupi sér rétt til að líta svo á að bjóðandi hafi fallið frá tilboðinu, og taka þá gildi ákvæði kafla 0.4.4 um tilboðstryggingu. Farið verður með þessar upplýsingar sem trúnaðarmál þegar þær eru þess eðlis.

- Almennar upplýsingar um fyrirtæki bjóðanda og starfsmenn þess, þ.m.t. nöfn eigenda og stjórnarmanna þess. Einnig upplýsingar um fjölda starfsmanna, reynslu þeirra og menntun ásamt upplýsingum um það í hvaða lífeyrissjóði fyrirtækið greiðir fyrir þá.
- Ársreikningar síðustu tveggja ára, áritaðir af endurskoðanda. Eftir júlíbyrjun hvers árs þarf að skila inn ársreikningi undangengins árs. Þegar um einstakling með atvinnurekstur í eigin nafni er að ræða, er óskað eftir staðfestum ljósritum af skattaskýrslum.
- Yfirlýsing frá aðal viðskiptabanka fyrirtækisins um skilvísi í viðskiptum og veltu á undanförunum þremur árum.
- Staðfestingu frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi sé ekki í vanskilum með opinber gjöld.
- Staðfestingu frá þeim lífeyrissjóðum, sem starfsmenn greiða til, um að bjóðandi sé ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna.
- Ef um hlutafélag er að ræða er óskað eftir útskrift um hlutafélagið úr hlutafélagaskrá.
- Gæðahandbók fyrirtækisins; skila skal efnisyfirliti ásamt stuttri lýsingu á gæðakerfinu.
- Öryggishandbók fyrirtækisins, skila skal efnisyfirliti ásamt stuttri lýsingu á handbókinni.
- Skrá yfir undirverktaka er bjóðandi hyggst ráða til verksins.
- Skrá yfir tæki og búnað sem fyrirhugað er að nota við verkið.
- Skrá yfir helstu verk síðustu 5 ára og lýsing á reynslu bjóðanda í sambærilegum verkum.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kalla eftir öðrum upplýsingum sem henn telur málið varða.

Kröfur um hæfi bjóðanda:

Hæfi bjóðenda verður metið á grundvelli þeirra upplýsinga sem þeir senda inn með tilboðum sínum í samræmi við grein 69 í lögum nr. 120/2016, lög um opinber innkaup. Hæfi bjóðenda verður metið á eftirfarandi þremur viðmiðum:

- Tæknileg geta bjóðenda.
- Fjárhagsstaða bjóðenda.
- Persónulegar aðstæður bjóðenda.

Kröfur um tæknilega getu bjóðanda:

- Bjóðandi skal á sl. 5 árum hafa lokið við a.m.k. eitt sambærilegt verk fyrir verkkaupa eða annan aðila. Með sambærilegu verki er átt við verkefni svipaðs eðlis og að upphæð verksamnings hafi að lágmarki verið 70% af tilboði í þetta verk.
- Yfirstjórnandi (Verkefnisstjóri/verkstjóri) verks skal hafa á sl. 5 árum stjórnað a.m.k. einu verki svipaðs eðlis og þar sem upphæð verksamnings hefur verið a.m.k. 70% af tilboði bjóðenda í þetta verk.
- Bjóðandi skal hafa á sínum vegum tæknimenntaðan starfsmann.
- Bjóðandi útvegar byggingarstjóra til verksins, sem og meistara allra viðeigandi iðngreina.
- Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindu gæðastjórnunarkerfi og skulu stjórnendur hafa unnið með gæðastjórnunarkerfi í að minnsta kosti einu verki.

- Bjóðandi skal vinna samkvæmt skilgreindri öryggis- og heilbrigðisáætlun.

Kröfur um fjárhagsstöðu bjóðanda:

- Meðalársvelta fyrirtækis bjóðanda síðastliðin 3 ár hafi að lágmarki verið sem nemur 70% af tilboði bjóðanda án virðisaukaskatts.
- Eigið fé bjóðanda skal vera jákvætt samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi. Ársreikningurinn skal vera án athugasemda um rekstarhæfi.
- Bjóðandi skal vera í skilum með opinber gjöld þegar hann skilar inn tilboði.
- Bjóðandi skal vera í skilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna sinna þegar hann skilar inn tilboði.

Persónulegar aðstæður bjóðanda:

Ef einhver af eftirfarandi atriðum eiga við bjóðanda verður tilboði hans vísað frá:

- Bú fyrirtækis er undir gjaldþrotaskiptum eða félagi hefur verið slitið, það hefur fengið heimild til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Óskað hefur verið eftir gjaldþrotaskiptum eða slita á fyrirtæki, það hefur leitað heimildar til nauðasamninga eða greiðslustöðvunar eða er í annarri sambærilegri stöðu.
- Fyrirtæki hefur með endanlegum dómi verið fundið sekt um refsivert brot í starfi.
- Fyrirtæki hefur sýnt alvarlega vanrækslu í starfi sem kaupanda er unnt að sýna fram á.
- Fyrirtæki er í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- Fyrirtæki er í vanskilum með opinber gjöld eða sambærileg lögákveðin gjöld.
- Fyrirtæki hefur gefið rangar upplýsingar um fjárhagslega og tæknilega getu sína eða hefur ekki lagt slíkar upplýsingar fram.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að kanna viðskiptasögu stjórnenda og helstu eigenda. Leiði sú könnun í ljós að fyrirtæki þeirra hafi orðið gjaldþrota eða komist í sambærilega aðstöðu síðastliðin fimm ár, verður bjóðanda vísað frá, enda eigi í hlut sama rekstrareining, með sömu eða nær sömu eigendur (eða skyldmenni eða tengdafólk fyrri eigenda) í sömu eða nær sömu atvinnustarfsemi, á sama markaði en með aðra kennitölu.

0.1.5 Verkið - Áfangskipting framkvæmda

Áfangaskiptingu framkvæmda:

Leikskólinn við Kirkjuból var byggður árið 1980. Byggt var við suður og vesturenda byggingar árið 2005.

Með þessu útboði er byggt við norðurhlið ásamt því að verulegar endurbætur/breytingar eru gerðar á innréttingum og milliveggjum.

Lagnir hússins þ.e. ofnalagnir/gólfhiti, neysluvatnslagnir og raflagnir er endurnýjað að verulegum hluta. Nýtt loftræstikerfi kemur í húsið.

Framkvæmdinni verður skift í 4 áfanga.

Gert er ráð fyrir að skólinn verði starfræktur á meðan framkvæmdir standa yfir. Verktími er áætlaður frá júní 2019 til og með október 2019.

Áfangi nr 1:

Grunnflötur áfanga nr 1. er að innanmáli er 170 m².

Aðkoma að áfanga þ.e. vinnusvæði er frá norðurhlið.

Fyrsti áfangi er merktur á meðfylgjandi áfangateikningu og innifelur áfanginn viðbyggingu við norðurhlið úr forsteyptum sökklum og útveggjaeiningum.

Áfangin innifelur t.d. stækkun á eldhúsi, aðstöðu fyrir starfsfólk, anddyri, geymslur ofl.

Áfangi eitt er sá áfangi sem hefur mestar breytingar á burðavirki t.d. skal rjúfa þak og bæta inn nýju þakburðarvirki ásamt nýjum útveggjum.

Gera skal ráðstafanir um öryggisvarnir áður en að verkframkvæmdir eru hafnar við að ríf burðarvirki og veggj (sjá teikningu). Lagnir eru hannaðar miðað við áfangaskiptingu og þarf að fullklára lagnir í áfanganum og tengja síðan milli áfanga eins og þörf er á verk tíma og að fullu við verklok.

Jarðvinna þ.e. gröftur/fyllingar er fyrsti verkhluti áfangans, og þegar sökkum, fyllingum og lögnum er lokið skal steypa botnplötu og síðan reisa útveggjaeiningar.

Ekki má rjúfa eldri útveggi og þak fyrir en að útveggjaeiningar eru fullkláraðar.

Gæta skal sérstaklega að því að ekki komist rigningarvatn í þann hluta sem er í notkun og að hávaðamengun verði sem minnst, og skal samráð haft við eftirlitsmann verkkaupa um þá verkþætti sem valda miklum hávaða, hvað varðar tíma og verktilhögun.

Gera skal ráð fyrir að áfangi eitt verði fullkláraður þ.e. málaður með innréttingum og tækjum tengdum.

Verktaki skal við upphaf verks panta strax útveggjaeiningar og sökkuleiningar til að þessir verkhluta verið afhentir sem fljótast, ef er fyrirsjáanlegur dráttur á afhendingu eininga skal verktaki tilkynna eftirlitsmanni verkkaupa það.

Þetta á líka við um aðra efnisaðdrætti og undirverktaka, sem þarf að panta strax við upphaf verks, við hvern áfanga.

Verktaki skal gæta að í einu og öllu að öryggi og hafa náðið samráð við eftirlitsmann verkkaupa um öll öryggismál.

Varnir við áfanga nr 1. er verk sem vinna má samhliða jarðvinnu og uppsetningu sökkla.

Varnir felast, eins og sýnt er á teikningu S015, að núverandi milliveggur eftir miðju hússins, er látin standa (halda sér) meðan á framkvæmdum stendur til að afmarka áfanga. Veggur nær frá gólfi upp að neðribrún þaks. Loka skal hurðagötum í vegg byggja nýjan í austurhluta (sjá teikn.) Gæta skal þess að lokað sé við gólf og aðliggjandi þak og veggj þannig að ekki berist ryk, hjóð eða óhreinindi milli áfanga. Bráðabirgðalokun er lýst í kafla sem ber heitið Varnir, í verklýsingu.

Nú eru skil milli áfangana ýmist við veggj sem þarf að rífa og/eða nýjum veggjum. Þessi frágangur, sem gæti verið eftir þegar eldri veggir eru rífnir, skal innifelast í eingaverðum verktaka, og í nokkrum tilfellum gæti þurft að setja bráðabirgðaveggi, t.d. léttu veggj glædda plastdúk, þegar verið er að vinna við gólf og loftaefni.

Áfangi nr 2:

Annar áfangi er í vesturenda húss þar sem eru leikherbergi, hvíldarherbergi, föndurherbergi og salerni barna.

Vestasti hluti húss, afmarkaður af móduflínum 19 til 21, var byggður 2005 og þar verður aðeins breytt gólfum og bætt við flóttahurð á gaffli.

Veggur (bráðabirgðaveggur) eftir miðju hússins verður áfram meðan unnið er við þennan áfanga og bætt við nýjum veggj í sal til afmörkunar frá þriðja og fjórða áfanga.

Verktaki skal hefja vinnu við þennan hluta með því að rífa og hreinsa út þá veggj loft og gólf sem á að fjarlægja.

Lagnir verða fullkláraðar, og tenging á þeim milli áfanga 1 og 5, samhliða uppbyggingu á milliveggjum og niðurteknum loftum.

Málun og frágang verður hægt að vinna samhlið uppsetningu á innréttingum.

Gæta skal þess að sá hluti veggja, sem ekki á að breyta, verði ekki fyrir skemmdum, en ef svo verður skal verktaki laga það á sinn kostnað.

Gert er ráð fyrir að mála veggj í þeim hluta sem verður ekki breytt.

Þegar áfangi er fullu kláraður verður hægt að rífa bráðabirgðavegg milli áfanga 1 og 5, en sú vinna verður að fara fram utan skólatíma, og líklegt að það þurfi að setja upp bráðabirgðalokanir við op og hurðagöt inn í áfanga 1.

Vinna við gólfhitalögn þarf að vera lokið og það eina sem þarf að framkvæma er gófdúkur og lagfæra málningu, sem verður líklega að vinna annað hvort um helgi og/eða setja upp bráðabirgðalokun umhverfis vinnusvæði.

Allaf þarf að hafa samráð við eftirlitsmann verkkaupa.

Áfangi nr 3:

Þriðji áfangi er í austurenda húss þar sem eru leikherbergi, hvíldarherbergi, föndurherbergi og salerni barna.

Aðeins breytt gólfum og bætt við flóttahurð á gafli.

Veggur (bráðabirgðaveggur) eftir miðju hússins verður áfram meðan unnið er við þennan áfanga og bætt við nýjum vegg í sal til afmörkunar frá fyrsta og fimmta áfanga.

Verktaki skal hefja vinnu við þennanhluta með því að rífa og hreinsa út þá vegg loft og gólf sem á að fjarlægja.

Lagnir verða fullkláraðr og tenging á þeim milli áfanga samhliða uppbyggingu á milliveggjum og loftum.

Málun og frágangur verður hægt að vinna samhlið uppsetningu á innréttingum.

Gæta skal þess að sá hluti veggja sem ekki á að breyta verði ekki fyrir skemmdum, en ef svo verður skal verktaki laga það á sinn kostnað.

Gert er áð fyrir að mála vegg í hluta sem verður ekki breytt.

Þegar áfangi er fullkláraður verður hægt að rífa bráðabirgðavegg milli annara áfanga, en sú vinna verður að fara fram utan skólatíma og líklegt að það þurfi að setja upp bráðabirgðalokanir við op og hurðagöt.

Vinna við gólfhitalögn þarf að vera lokið og það eina sem þarf að framkvæma er gófdúkur og lagfæra málningu, sem verður líklega að vinna annað hvor um helgi eða setja upp bráðabirgðalokun umhverfis vinnusvæði.

Alltaf þarf að hafa samráð við eftirlitsmann verkkaupa.

Áfangi nr 4:

Fjórði áfangi er suðurhluti byggingarinnar og í þessu áfanga er aðeins breytt veggjum og einni hurð.

Ný flóttahurð verður sett á gafli.

Núverandi innrétting í föndurstofu verður tekin niður og sett upp aftur þegar veggur hefur verið málaður.

Ekki er gart ráð fyrir að endurnýja gólf og niðurtekin loft í þessum áfanga nema í anddyri og viðgerð á gólfum þar sem veggur er færður til í föndurherbergi.

Glugga verður breytt sjá teikningu arkitekts.

Aðkoma að þessum áfang verður í gegnum garð þ.e. leiksvæði barna og verður verktaki að gæta alls öryggis vegna þess t.d. setja upp varnir við efnisflutninga.

Áfangi nr 5:

Fimmti áfangi er frágangur í sal þ.e. í miðju byggingarinnar.

Verktaki verður að vinna þennan hluta samhliða fjórða áfanga og að hluta til utan venjulegs vinnutíma þegar skólastarf liggur niðri.

Verktaki þarf líklega, þegar búið er að rífa niður vegg sem var bráðabirgðaveggur milli áfanga, að setja upp varnir við op og hurðagöt til að geta unnið gólf og loft. Þessi lokun þarf að vera algerlega rykþétt.

Vinna samhliða áfangaskiftingu:

Samhliða áföngum getur verktaki unnið utanhúss við þak og glugga, ásamt málun útveggja á norðurhlíð.

Ekki er sérstakur áfangi fyrir þessa liði en þegar verið er að vinna við þakjárn skal gæta öryggs og ekki má vinna þann verklið í vindi og/eða að það sé nokkur hætta á að plötur fjúki.

Ef verktaki telur þörf á vinnupalli við húshlíð, á meðan unnið er við þak, þá þarf að klæða verkpall af til að hindra aðgengi óviðkomandi að verkpalli.

Verkið tekur til alls þess, sem til þarf til að fullgera umrædda verkþætti, eins og þeim er nánar lýst í meðfylgjandi verklýsingum og á teikningum.

0.1.5 Kynningarfundur - vettvangsskoðun

Þeim bjóðendum sem staðfest hafa þátttöku í útboðinu er boðið til kynningarfundar á verkstað sem er við Kirkjulund 1 í Garðabæ 15 apríl kl 15.00 - og verður þar mættur fulltrúi eða fulltrúar verkkaupa.

Athygli er vakin á því að einungis er gert ráð fyrir að verkstaðurinn verði sýndur á þessum tíma, þennan dag og eru bjóðendur hvattir til að mæta og kynna sér aðstæður.

0.1.6 Verksamningur - verkáætlun

Þegar verkkaupi hefur með formlegum hætti tekið tilboði verktaka telst kominn á samningur um verkið sbr. grein 3.1.2 í ÍST 30. Gera skal skriflegan samning um verkið og er verksamningsformið sýnt í kafla 0.10.1 í útboðs- og samningsskilmálum þessum.

Áður en verksamningur er gerður skal verktaki gera ítarlega verkáætlun um verkið í heild, þar sem verkinu er skipt upp í áfanga og skal verkáætlun þessi vera hluti verksamnings. Í verkáætlun skal koma fram mannafla- og tækjabörf á hverjum tíma. Verkáætlun skal gera í samráði við verkkaupa og skal fara að óskum hans um framkvæmdaröð.

Verktaki skal jafnan gera sitt ytrasta til þess að fylgja verkáætluninni og tilkynna jafnóðum ef út af bregður og af hvaða orsökum. Gangi verkið ekki nógu vel fram, miðað við samþykkt verkáætlun, þá er verktaka skylt að fjölga starfsmönnum og tækjum eða grípa til annarra nauðsynlegra ráðstafana, svo að áfangar verði tilbúnir á fyrirfram ákveðnum tíma. Ef verkáætlun fer verulega úr skorðum af orsökum sem verkkaupi ber ekki ábyrgð á er honum heimilt að neita greiðslu reikninga þar til ný samþykkt verkáætlun liggur fyrir.

Samþykki á nýrri verkáætlun, sem fer fram yfir umsaminn skiladag einstakra verkáfanga eða heildarverksins, þýðir ekki að verkkaupi falli frá rétti sínum til tafabóta, sbr. kafla 0.5.4 Frestir – tafabætur.

0.1.7 Framkvæmdatími - verklok

Þegar samningur hefur verið undirritaður getur verktaki getur strax hafið undirbúning framkvæmda, m.a. öflun efnis t.d. forsteypra eininga, sem þurfa að vera komnar á verkstað 01. júní 2019. Verkinu skal skila eigi síðar en 29.nóvember 2019 fullfrágengnu.

Verkinu telst ekki lokið af hálfu verktaka fyrr en hann hefur staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt útboðs- og samningsgögnum. Þá skal hann hafa fjarlæggt vinnuskúra, tæki og annað sem hann hefur notað við verkið, og allt rusl og efnisafganga sem fallið hafa til af starfsemi hans.

Greiðsla lokareiknings er háð því að verkinu sé í einu og öllu lokið af hálfu verktaka.

0.2 **Upplýsingar um verkkaupa, ráðgjafa og eftirlit**

0.2.1 **Verkkaupi**

Bæjarsjóður Garðabæjar, kt 570169-6109
Garðatorgi 7, 210 Garðabæ

Framkvæmdastjórn og eftirlit:
Bæjarverkfræðingurinn í Garðabæ

0.2.2 **Ráðgjafar**

SS ark ehf, Smiðjuvegur 11, 200 Kópavogur
Tengiliður: Stefán Hallsson
Sími: 564 4683, netfang: stefan@ssark.is

Tæknuþ. Bjarna Árnasonar, Smiðjuvegur 11 200 Kópavogur
Tengiliður: Bjarni Árnason
Sími 564 2260, netfang: bjarniar@simnet.is

Strendingur verkfræðiþjónusta, Fjarðargötu 13, 220 Hafnarfirði
Tengiliður: S. Hjörtur Guðjónsson
Sími 565 5640, netfang: hjortur@strendingur.is

VBB, verkfræðistofa,
Tengiliður: Baldur S. Gunnarsson
Sími 585-8600 netfang: baldur@vsb.is

0.2.3 **Eftirlit verkkaupa**

Ráðinn verður umsjónarmaður til að stjórna allri umsjón verksins af hálfu verkkaupa og annast tengsl við verktaka. Hann heldur reglulega verkfundi og yfirfer.

Verktaki skal í einu og öllu framkvæma verkið í samráði við eftirlitsmann. Eftirlitsmaður skal eiga greiðan og óhindraðan aðgang að öllu, sem máli skiptir um efnisval og vinnu við verk þetta, hvort sem er á vinnustað eða annars staðar þar sem unnið er að verkinu.

Ef verktaki er í vafa um einstök atriði framkvæmdarinnar, efnisval eða annað sem við kemur verkefninu skal hann tafarlaust leita úrskurðar eftirlitsmanns. Ef um ósamræmi milli uppdráttu og lýsingar er að ræða skal verktaki tafarlaust tilkynna viðkomandi eftirlitsmanni það til úrskurðar.

Eftirlit verkkaupa kemur ekki í stað opinbers eftirlits þar sem það á við.

0.3 **Útboðsgögn - reglugerðir - staðlar**

0.3.1 **Útboðsgögn**

Útboðsgögn þau sem verkkaupi leggur til eru eftirfarandi:

1. Útboðslýsing og samningsskilmálar þessir, meðfylgjandi verklýsing, tilboðsskrá og sundurliðunarskrá.
2. Teikningar samkvæmt teikningaskrá.

Önnur útboðsgögn, sem bjóðendur skulu sjálfir afla sér, eru:

3. Alverk'95, almenn verklýsing fyrir vega- og brúargerð útgefin af Vegagerðinni.
4. Íslenskur staðall ÍST 30 :012 (lýsingu þessari nefndur ÍST 30).
5. Einnig aðrir íslenskir staðlar, lög, reglugerðir og samþykktir er gilda um framkvæmdir sem þessar, eða sérstaklega er vísað til.

ÍST 30 og önnur útboðsgögn skulu mynda eina heild og skal litið á þau í samhengi þegar útboðsgögnin eru túlkuð. Stangist ákvæði ÍST 30 á við ákvæði útboðs- og/eða verklýsingar skulu ákvæði ÍST 30 víkja.

0.3.2 Skýringar á útboðsgögnum - viðaukar

Óski bjóðandi eftir frekari upplýsingum og/eða skýringum á útboðsgögnum, eða hann verður var við ósamræmi í útboðsgögnum, skal hann senda skriflega fyrirspurn, sem berast verður eigi síðar en 3 virkum dögum fyrir opnunardag tilboða.

Fyrirspurn skal senda til: Bæjarverkfræðingsins í Garðabæ,
Garðatorgi 7 Garðabæ,
Netfang: gudbjorgbra@gardabaer.is

Fyrirspurnir og samhljóða svarbréf verða send öllum þeim sem fengið hafa útboðsgögnin og teljast eftir það hluti þeirra. Jafnframt áskilur verkkaupi sér rétt til að gefa út viðauka við útboðsgögnin meðan á útboðinu stendur. Farið verður með slíka viðauka eins og fyrirspurn.

0.3.3 Uppdrættir og lýsingar

Verktaki fær til afnota uppdraetti hönnuða og sérteikningar. Útboðslýsingu þessari fylgja verklýsingar hönnuða. Lýsingar þessar gilda allar jafnt í útboði og ber að líta á þær sem eina heild. Verktaki skal sjá um að undirverktakar kynni sér öll útboðsgögn, áður en tilboð er gert og meðan á verki stendur. Verktaki skal á sama hátt kynna sér þau útboðsgögn sem hann afhendir undirverktökum.

Verktaki fær afhent 3 útboðssett endurgjaldslaust, ef hann telur sig þurfa fleiri sett skal hann greiða fyrir ljósritun þeirra. Það sama gildir um breytt gögn og viðbóttagögn.

0.3.4 Lög, reglugerðir og leiðbeiningar

Verktaki er ábyrgur fyrir því að verkið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og leiðbeininga sem eiga við framkvæmdir sem þessa. Gildandi lög, reglugerðir og leiðbeiningar sem eiga við um framkvæmdina eru til dæmis, en ekki tæmandi talið, eftir því sem við á:

- Byggingarreglugerð.
- Reglugerð um holræsi.
- Lögreglusamþykkt.
- Reglur Vinnueftirlits ríkisins.

Gögn þessi skulu bjóðendur sjálfir afla sér. Ef einhverjar samþykktir eru ekki fyrir hendi í Garðabæ, skulu tilsvaramandi samþykktir fyrir Reykjavík gilda. Fara skal eftir nýjustu útgáfu hverju sinni.

0.3.5 Framsal réttinda - undirverktakar

Verktaka er óheimilt að framselja eða veðsetja rétt sinn samkvæmt útboði þessu nema með samþykki verkkaupa sbr. IST 30 gr 3.1.4.

Verktaka er einnig óheimilt, sbr. IST 30 gr. 3.1.3, að fela öðrum aðila að ganga inn í eða taka við skyldum í sinn stað, að hluta eða öllu leyti, án samþykkis verkkaupa. Ef verktaki hyggst fela undirverktaka að taka að sér einstaka verkþætti skal tilkynna það verkkaupa og fá samþykki hans fyrir því. Skyldur verktaka gagnvart verkkaupa breytast í engu við þetta.

Ákvæði um undirverktaka eru í kafla 3.2 í ÍST 30 og í 77. grein laga nr. 84/2007 að því er varðar bann við gerviverktöku.

0.3.6 Frávik frá stöðlum

Grein 3.2.1 í IST 30 breytist, þannig að þar sem segir “leita viðurkenningar” komi “fá samþykki”.

Stangist ákvæði ÍST 30 á við ákvæði útboðs- og samningsskilmála og/eða verklýsingar skulu ákvæði ÍST 30 víkja.

0.4 Tilboð

0.4.1 Gerð og frágangur tilboða

Tilboð í verkið skulu gerð á þeim grundvelli að útboðsgögnum sé ætlað að ná til alls verksins eins og því er þar lýst. Í kafla 0.5.1 eru tilgreind þau gjöld og kostnaður sem verkkaupi greiðir og í kafla 0.5.2 það efni sem hann leggur til. Allt annað, efni, tæki og vinnu sem til verksins þarf, skal verk-taki leggja til og innifela allan sinn kostnað vegna þessa, bæði fastan og tilfallandi, þ.m.t. yfirstjórn, ágóða og virðisaukaskatt, í einingarverðum tilboðsskrár.

Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblað og sundurliðunarskrá, og ber að fylla þar út eins og fyrir er lagt. Í tilboði ber að greina einingarverð svo sem sundurliðunarskráin segir til um, og eru einingarverðin bindandi. Þjóðendur skulu við tilboðsgerð reikna með þeim magntölum, sem upp eru gefnar í tilboðsskrá, en þær eru margar áætlaðar og munu því breytast við verkframkvæmd. Í verklýsingu er gerð grein fyrir þeim reglum sem gilda um magntöku.

Þjóðendur skulu fylla út alla liði sundurliðunarskrárinnar. Litið verður á óútfyllta liði sundurliðunarskrár sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum. Þjóðendur skulu skila inn tilboðsblaði og sundurliðunarskrá útfylltum á pappír, og telst prentun úr tölvu fullgild. Tilboðs-blað skal vera dagsett og undirritað af bjóðanda og bjóðandi skal einnig rita fangamark sitt á öll blöð sundurliðunarskrárinnar, neðst í hægra horni á hverri síðu. Einingarverð skulu vera í heilum krónum.

Í því tilfelli að sundurliðunarskrá er einnig afhent sem skjal á Exel formi er það einungis gert til hagræðis fyrir bjóðendur og telst Exel-skjalið ekki til útboðsgagna. Verkkaupi tekur ekki ábyrgð á innihaldi þess og er bjóðendum bent á að bera saman Exel-skjalið og sundurliðunarskrá í útboðsgögnum. Komi fram misræmi þar á milli gilda útboðsgögn.

Heimilt er að dæma tilboð ógilt ef tilboðsgögn eru ekki útfyllt fullkomlega.

Ef tveir eða fleiri aðilar gera sameiginlegt tilboð, skuldbindur það óskipt. Þó skal einn þeirra tilnefndur sem stjórnandi veksins og skal hann hafa fullt umboð til að koma fram fyrir hönd allra aðila gagnvart verkkaupa.

Með tilboði sínu lýsir bjóðandi því yfir að hann mun tryggja að allir starfsmenn sem koma munu að verkinu, hvort sem er sem starfsmenn bjóðanda eða undirverktaka, fái laun og starfskjör í samræmi við gildandi kjarasamninga hverju sinni og aðstæður þeirra séu í samræmi við löggjöf á sviði vinnuverndar. Hvenær sem er á samningstíma mun bjóðandi geta sýnt verkkaupa fram á að öll réttindi og skyldur gagnvart þessum starfsmönnum séu uppfyllt. Bjóðandi samþykkir að ef hann getur ekki framvísað gögnum eða sýnt eftirlitsmanni verksins fram á að samningsskyldur séu uppfylltar innan 5 daga frá því ósk um slíkt er borin fram af verkkaupa getur verkkaupi rift verksamningi án frekari fyrirvara eða ákveðið að beita dagsektum sem nemur 0,1% af samningsupphæð fyrir hvern dag sem umbeðnar upplýsingar skortir. Beiting þessara vanefndaúrræða hefur ekki áhrif á gildi verktrygg-ingar.

0.4.2 Fylgigögn með tilboði

Bjóðandi skal leggja fram með tilboði sínu nöfn verkstjórnenda, undirverktaka sinna og einstakra iðnmeistara á formi samkvæmt kafla 0.10.3. Áskilinn er réttur til að hafna boðum sem ekki innihalda þessar upplýsingar.

0.4.3 Auðkenni tilboðs

Tilboðum skal skilað til bæjarverkfræðingsins í Garðabæ, í lokuðu umslagi greinilega merktu bjóðanda, ásamt viðkomandi útboði, þ.e:

Leikkólinn Kirkjuból
Viðbygging og endurgerð leikskóladeilda
TILBOÐ
Nafn bjóðanda og heimilisfang

Verkkaupi vill vekja sérstaka athygli bjóðenda á að ef þeir **merkja ekki** umslög sem innihalda tilboð með nafni bjóðanda, eiga þeir á hættu að tilboðum þeirra verði vísað frá.

0.4.4 Tilboðstrygging - gildistími tilboða

Ekki er farið fram á tilboðstryggingu vegna þessa útboðs.

Bjóðandi er bundinn af tilboði sínu í 4 vikur frá opnunardegi, samanber ÍST30 grein 2.6.1.

0.4.5 Opnun tilboða

Tilboð skulu hafa borist bæjarverkfræðingnum í Garðabæ, eigi síðar en **2.maí 2019 kl. 14:00**. Verða þau þá opnuð þar í viðurvist þeirra bjóðenda, sem viðstaddir kunna að vera.

Þau tilboð sem berast eftir að tilboðsfrestur er útrunninn verða ekki opnuð. Þó verða þau tilboð opnuð sem borist hafa með netpósti fyrir lok skilafrests, enda hafi gögn sem fylgja eiga tilboði verið pósthöggð með ábyrgðarsendingu a.m.k. degi fyrir opnunardag.

0.4.6 Meðferð og mat tilboða

Ákvæði um val á tilboði eru í kafla 2.79 í ÍST 30. Við meðferð og mat á tilboðum metur verkkaupi hvort bjóðandi uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í kafla 0.1.3 Kröfur til bjóðenda.

Ef margföldunar- og/eða samlagningarskekkjur finnast í tilboðsskrá skal gera viðeigandi leiðréttingar á niðurstöðutölum tilboðs, en einingarverð eru bindandi fyrir bjóðendur. Einingarverð eru einnig bindandi, innan eðlilegra marka, gagnvart þeirri magnaukningu sem verða kann, og aukaverkum sem verktaki kann að verða beðinn um að framkvæma.

Við yfirferð tilboða eru einingarverð bjóðenda sett inn í tilboðsskrá útboðsgagna. Hafi bjóðandi breytt magni, fellt niður línur eða bætt línur við tilboðsskrána kemur það ekki fram við yfirferð, enda er slíkt óheimilt. Verkkaupi áskilur sér engu að síður rétt til að líta á slík tilboð sem gild, enda gildi þá ákvæði greinar 0.4.1 um að óútfylltir liðir teljist innifaldir í öðrum liðum.

Verkkaupi mun taka hagstæðasta tilboði sem uppfyllir kröfur útboðsgagna eða hafna öllum. Verkkaupi áskilur sér jafnframt rétt til þess að hafna öllum tilboðum yfir kostnaðaráætlun.

Samkvæmt 85. gr. laga nr. 120/2016 eiga bjóðendur sem tilboðum var hafnað frá, rétt á rökstuðningi fyrir höfnun á tilboðum sínum, sendi þeir um það skriflega beiðni (bréf, tölvupóstur) til Garðabæjar b.t. bæjarverkfræðingur innan 14 daga frá því að bjóðanda var tilkynnt ákvörðun. Bæjaryfirvöld munu svara beiðninni eigi síðar en 15 dögum eftir að hún berst.

Í XI kafla laga um opinber innkaup, nr. 120/2016 er fjallað um kærunefnd útboðsmála og kærufresti. Þar kemur m.a. fram í 1. mgr. 106 gr.: „Kæra skal borin skriflega undir kærunefnd útboðsmála innan 20 daga frá því að kærandi vissi um eða mátti vita um þá ákvörðun, athöfn eða athafnaleysi sem hann telur brjóta gegn réttindum sínum.....“

Lög um opinber innkaup nr. 120/2016 má finna í heild sinni á slóðinni:

<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2016120.html>

0.4.7 Þóknun fyrir gerð tilboðs

Verkkaupi greiðir ekki fyrir gerð tilboðs.

0.5 Greiðslur – verðlagsgrundvöllur

0.5.1 Ýmislegt sem verkkaupi annast og kostar

- Eftirlit verkkaupa
- Heimæðar veitukerfa
- Vinnuteikningar og önnur verk gögn

0.5.2 Efni sem verkkaupi leggur til

Verkkaupi leggur ekkert efni til verksins annað en tilgreint er í verklýsingu.

0.5.3 Breytingar á verkinu - aukaverk, viðbótarverk

Um breytingar á verkinu á samningstímanum er almennt vísað til ÍST 30, kafla 3.6. Almennt skulu greiðslur fyrir slíkar breytingar byggðar á einingarverðum verksamnings, en telji verkkaupi það nauðsynlegt eða hagkvæmt getur hann ákveðið að breytingar og/eða viðbótarverk séu unnin í tímavinnu. Þjóðandi skal því gera tilboð í áætlað magn tímavinnu, eins og fram kemur í tilboðsskrá.

Tímavinnuverk verða einungis unnin samkvæmt ákvörðun verkkaupa, og skal verktaki undir slíkum kringumstæðum fá áritun umsjónarmanns verkkaupa á tímaskráningu í lok hvers vinnudags.

0.5.4 Frestir - tafabætur (dagsektir)

Verktaka ber að ljúka öllu verki sínu á tilskyldum tíma samkvæmt kafla 0.1.7 Framkvæmdatími – verklok. Dragist verklok fram yfir fram yfir umsaminn skiladag, skal verktaki greiða verkkaupa tafabætur. Upphæð tafabóta skal vera kr. 100.000.- fyrir hvern almanaksdag sem verklok dragast fram yfir tilskilinn skiladag, óháð því hvort og hvernig verkkaupi hagnýtir sér verkið.

Verkkaupa er heimilt að halda eftir af hverjum reikningi fyrir áföllnum tafabótum. Þótt verkkaupi haldi ekki eftir af reikningum fyrir áföllnum tafabótum, þá er hann í fullum rétti að innheimta þær við gerð lokareiknings.

Telji verktaki sig eiga rétt á framlengingu skilafrests þá skal hann strax skýra frá því og um leið leggja fram nauðsynleg gögn er sanni réttmæti framlengingarinnar, sbr IST 30, kafla 24.3.

0.5.5 Greiðslur og reikningsskil

Greitt verður til verktaka samkvæmt samþykktri framvindu hverju sinni.

Greiðslur verða inntar af hendi eftir því sem verkinu miðar áfram, og skal verktaki gera reikning miðað við samþykta verkstöðu á tveggja vikna fresti. Reikningsform er háð samþykki verkkaupa og skal afhenda hvern reikning ásamt fylgiskjölum í þrítíti. Reikning skal miða við greiðsluhæfan hluta verksins, og skal hann ætíð sýna hversu miklum hluta verksins er lokið. Meta skal í hundraðs-hlutum hversu miklu er lokið af hverjum greiðslulið tilboðs við hverja verkstöðugerð. Með hverri skilagrein skal verktaki skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá og heildar-greiðslustöðu samnings. Áður en reikningur er gerður skal haft samband við eftirlitsmann verksins um mat greiðsluhlutfalls, til að fyrirbyggja að leiðréttingar teffi reikninga. Leiðrétting á reikningi getur þýtt minnst vikutöf á greiðslu til verktaka.

Reikninga og skilagrein ásamt fylgiskjölum skal leggja inn hjá umsjónarmanni annan hvern mánudag. Samþykktir reikningar verða síðan greiddir á föstudegi 11 dögum síðar. Ekki verður tekið geymslufé. Greiðsla á reikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á reikningsupphæð.

Telji umsjónarmaður verkkaupa að umgengni eða annað sem varðar vinnu verktaka sé ófullnægjandi, getur hann synjað um greiðslu reiknings. Verktaki á þó rétt á að skjóta ágreiningsatriðum um þetta til úrskurðar á hliðstæðan hátt og í öðrum ágreiningsmálum.

Ef verktaki hefur ekki skrifað undir verksamning er heimilt að neita greiðslu reiknings þar til verksamningur hefur verið undirritaður af honum.

Samningsaðilar geta ekki sett fram kröfur um breytingar á einingaverðum eða verktíma vegna breytinga á magntölum, nema frávik frá áætluðum magntölum leiði til þess að heildargreiðsla fyrir samningsverkið, án verðbóta, víki meira en 20% frá heildarsamningsupphæð. Þó eiga samnings-aðilar rétt á breytingu á skiladegi ef magn verkliða á bundinni leið verkáætlunar breytist, enda sé sýnt fram á

að heildarframvinda verksins sé háð viðkomandi verklið, samanber kafla 0.1.7. Verktaki skal sýna fram á að magnbreytingar hafi leitt til aukins kostnaðar, geri hann kröfu um hækkun einingarverðs á þeirri forsendu.

0.5.6 Verðlagsgrundvöllur

Tilboð skal miða við fast verðlag og þá greiðsluskilmála sem tilgreindir eru í gögnum þessum. Engar verðbætur verða greiddar.

0.5.7 Fyrirframgreiðsla

Engin fyrirframgreiðsla verður innt af hendi í verki þessu.

0.6 Ábyrgðir - tryggingar - ágreiningsmál

0.6.1 Ábyrgð, tryggingar og lögboðin gjöld

Varðandi allar tryggingar, skal verktaki leita samþykkis verkkaupa.

Meðan á verkinu stendur, skal verktaki á sinn kostnað hafa vélar, vinnuskúra, byggingarefni og annað sem viðkemur verkinu nægilega vátryggt fyrir tjóni af hvaða völdum sem er, að undanskilinni áhættu vegna styrjalda, innrásar, óeirða og þess háttar (“force majeure”). Heimilt er eftirlitsmanni að krefjast þess að verktaki framvísi vátryggingarskírteini og kvittunum fyrir greiðslu iðgjalda. Tryggingarfjárhæð samkvæmt þessari grein skal jöfn tilboðsupphæð með virðisaukaskatti að við-bættum 10 milljónum króna vegna efnis eða vinnu sem verkkaupi leggur til.

Verktaki ber sjálfur ábyrgð á því tjóni, sem hann kann að verða fyrir við framkvæmd verksins. Ennfremur ber hann ábyrgð á því tjóni eða slysum, sem hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila meðan á framkvæmdum stendur. Verktaki skal leggja fram skírteini um ábyrgðartryggingu fyrir tjóni er hann kann að valda verkkaupa eða þriðja aðila. Upphæð frjálstu ábyrgðartryggingarinnar skal eigi vera lægri upphæð en það sem almennar venjur tryggingafélaga miða við fyrir vinnu af þessu tagi. Þrátt fyrir eftirlit verkkaupa, ber verktaki fulla ábyrgð á efni og vinnu. Auk þess ber verktaka að sjá um að undirverktakar hafi sambærilegar ábyrgðartryggingar.

Slysaftryggingu starfsmanna sinna skal verktaki annast og kosta sem og önnur þau lögboðnu og samningsbundnu gjöld, sem fylgja því að hafa menn í vinnu og selja efni og þjónustu. Hvenær sem er á framkvæmdatíma verksins getur verkkaupi krafist gagna til staðfestingar á að lögboðin gjöld s.s. staðgreiðsla skatta, tryggingagjald, virðisaukaskattur, lífeyrissjóður, o.s.fr. séu í skilum. Verktaki skal afhenda verkkaupa afrit tryggingarskírteina fyrir þeim tryggingum, sem hann greiðir vegna verksins á hverjum tíma, ásamt staðfestingu á greiðslu iðgjalda af þessum tryggingum. Séu vátryggingaupphæðir of lágar að dómi verkkaupa, skulu þær strax hækkaðar til sannvirðis á kostnað verktaka.

Á framkvæmdatíma verksins stendur og þar til lokaúttekt hefur farið fram á verktaki að hafa og kosta allar nauðsynlegar vátryggingar sem teljast hluti af starfsemi og tengjast verkinu.

Ofangreind atriði skulu einnig gilda einnig um undirverktaka, eftir því sem við á.

0.6.2 Framkvæmdatrygging - verktrygging

Til tryggingar því að verktaki standi við allar skuldbindingar sínar við verkkaupa vegna verkefnis þessa, afhendir hann verkkaupa, eigi síðar en við undirritun verksamnings, bankatryggingu að upphæð 15% samningsfjárhæðar, þó aldrei lægri fjárhæð en 10% af kostnaðaráætlun verkkaupa, eða aðra tryggingu sem verkkaupi metur jafngóða.

Trygging þessi skal standa út samningstímann, þar til lokaúttekt hefur farið fram, en þá skal hún lækkuð í 4% samningsfjárhæðar, og skal sú trygging standa í tólf mánuði frá lokaúttektardegi. Óheimilt er að lækka eða fella niður verktryggingu nema til komi skrifleg heimild frá verkkaupa.

Ofangreindar tryggingar skulu þannig orðaðar, að verkkaupi geti innleyst þær án undangengins dómsúrskurðar og skal greiðsla fara fram innan 14 daga frá því hennar er krafist. Að öðru leyti skal orðalag tryggingar háð samþykki verkkaupa, og vera í samræmi við kafla 0.10.2 Form verktryggingar.

Verkkaupi mun ekki inna af hendi neina greiðslu til verktakans fyrr en hann hefur afhent tilskilda verktryggingu.

Verkkaupi mun ekki leggja fram sérstaka tryggingu vegna verksins.

0.6.3 Veðsetning - eignarréttarfyrrvari

Verktaka er óheimilt að binda verkkaupa á nokkurn hátt af lánum eða öðrum skuldbindingum sem hann kann að taka á sig á verktímanum. Einnig er verktaka óheimilt, án sérstaks leyfis verkkaupa, að veðsetja efni, tæki, vélar eða annan þann búnað sem verður hluti af verkinu og verkkaupi hefur greitt fyrir. Efni sem verkkaupi hefur fengið reikning fyrir má ekki vera með eignarréttarfyrrvara frá seljanda efnisins, án sérstaks leyfi verkkaupa.

0.6.4 Misræmi í gögnum

Komi fram villur í útboðsgögnum er verktaki eftir sem áður bundinn af tilboði sínu. Sé villan veruleg og leiði til aukins kostnaðar, skal verktaki fá hann bættan enda tilkynni hann verkkaupa um villuna strax og hann verður hennar var. Vanræki verktaki að tilkynna slíka villu, áður en viðkomandi hluti verks er framkvæmdur, fellur bótaskylda verkkaupa niður. Á samsvarandi hátt á verkkaupi rétt á lækkun samningsupphæðar, ef villan leiðir til minni kostnaðar. Semja skal eins fljótt og unnt er um þær breytingar á samningsupphæð, sem leiða af framansögðu.

Ef verktaki verður var við ósamræmi milli uppdrátta og verklýsinga, skal hann tafarlaust tilkynna verkkaupa það til úrskurðar.

0.6.5 Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur milli verktaka og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum þessum, skal verktaki eigi að síður framkvæma verkið samkvæmt fyrirmælum verkkaupa, samanber ÍST 30 gr.6.3. Ágreiningi, sem samningsaðilar ná ekki að leysa sín á milli, skal skotið til Héraðsdóms Reykjaness.

Eins skal fara með ágreining vegna framkvæmds verks.

0.7 Vinnustaður

0.7.1 Athafnasvæði og vinnustaða

Verktaki fær til umráða vinnusvæðið eins og því er lýst í verklýsingu og með þeim skilmálum sem þar greinir.

Verktaki skal sjá til þess að ekki stafi hætta af starfsemi hans á vinnusvæðinu. Vinnusvæði skal merkja á viðeigandi hátt, í samræmi við reglur um merkingar vinnusvæða útgefnum af Vegagerðinni, lögreglu og Reykjavíkurborg, eftir því sem við á hverju sinni. Sjá einnig kafla 0.7.5 um öryggisráðstafanir. Varðandi umgengni og umhirðu á vinnustað vísast til kafla 0.7.4.

0.7.2 Húsnæði fyrir starfsmenn, teikningar og efni

Verktaki skal leggja til allt nauðsynlegt húsnæði fyrir starfsmenn sína og til geymslu á efni, auk hentugs og nægjanlegs húsrýmis fyrir uppdrætti og verkfundahöld.

0.7.3 Umhirða á vinnustað

Verktaki skal ávallt sjá um að allir efnisafgangar séu fjarlægðir jafnóðum og þeir falla til. Hann skal einnig sjá um að umhirða á vinnustað sé ávallt góð og skal í því sambandi fara eftir fyrir mælum umsjónarmanns eða eftirlitsmanna verkkaupa þar að lútandi. Óheimilt er að hafa önnur tæki á vinnusvæðinu en þau sem notuð eru í verkinu. **Þar sem farið er með inntök inn í hús skal, eftir að brotið eða bora hefur verið fyrir inntaki, tryggja á viðunandi hátt, í samráði við eftirlit, að ekkert kvikt komist þar inn. Þær varnir skulu alltaf vera fyrir gati nema meðan unnið er við inntök, þar til gengið hefur verið endanlega frá inntaki.**

Um almenna umgengni og umhirðu á vinnustað vísast að öðru leyti til ÍST 30 gr. 4.2.

0.7.4 Öryggi á vinnustað

Orðin vinnustaður, framkvæmdastaður, byggingarstaður, athafnasvæði og verkstaður hafa sömu merkingu í þessum útboðsgögnum.

Verktaki skal gæta ýtrustu varúðar við framkvæmd verksins og hafa samráð við eftirlitsmann um allar varúðarráðstafanir eftir því sem við á. Áður en framkvæmdir hefjast ber verktaka að leggja fram tillögur, fyrir eftirlitsmann til samþykktar, um varúðarráðstafanir sem nauðsynlegt er að gera m.a. vegna umferðar við vinnustað. Verktaki tryggir að varúðarráðstöfunum þeim sem eru taldar nauðsynlegar, sé framfylgt í tæka tíð og til hins ýtrasta.

Verktaki skal fylgja lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og tilheyrandi reglugerðum til hins ýtrasta bæði hvað snertir vinnuvélar og aðbúnað. Hann skal framfylgja reglum um brunavarnir og reglum um meðferð eldfimra efna, sem viðhlítandi teljast að dómi eftirlitsmanna og skv. skilmálum váttryggingar. Reglugerð um raforkuvirki og reglum og leiðbeiningum um meðferð lagna frá veitufyrirtækjum skal fylgt í hvívetna.

Sérstök athygli er vakin á reglum Vinnueftirlits ríkisins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð (nr. 547/1996) sem tók gildi 1. janúar 1997. Með tilvísun í II kafla þessara reglna er sú skylda lögð á aðalverktaka að gegna þeim skyldum sem um ræðir í 1.-3. t.l. 3. gr. í reglum þessum þ.á.m. skipun samræmingaraðila öryggis- og heilbrigðisráðstafana og gerð öryggis- og heilbrigðisáætlunar eins og við á hverju sinni nema um annað sé sérstaklega samið. Á fyrsta verkfundi og áður en framkvæmdir hefjast skal undirritað skriflegt

samkomulag um fyrirkomulag þessara mála í samræmi við gildandi reglur Vinnueftirlits ríkisins hverju sinni.

Fulltrúi Garðabæjar áskilur sér rétt til þess að mæta á vinnusvæði og taka út öryggismál með eftirlitsmanni. Komi í ljós að verktaki fylgir ekki kröfum útboðslýsingar varðandi öryggismál er heimilt að stöðva framkvæmdir á verki.

Verktaki þarf við upphaf verks áður en samningur er undirritaður að láta framkvæma áhættumat vegna framkvæmdarinnar, og gera öryggisáætlun fyrir verkið.

0.8 Frágangur og gæði verks

0.8.1 Verkstjórn verktaka, dagbók og verkfundir

Almennum kröfum til verkstjórnar verktaka er lýst í kafla 4.1 í ÍST 30. Fá skal samþykki verkkaupa á verkstjórnendum og tæknilegum ráðgjöfum verktaka.

Verkstjóri skal hafa á hendi alla daglega verkstjórn og fylgja því eftir, að öll verk séu rétt og faglega unnin og samkvæmt uppráttum og lýsingum. Yfirstjórnandi verktaka skal gera ráð fyrir að þurfa að mæta reglulega á fundi meðan á verkinu stendur, en honum er þó heimilt að láta verkstjóra mæta fyrir sig. Fulltrúar undirverktaka skulu einnig mæta sé þess talin þörf. Verktaki sér um að þeir sem verkkaupi óskar eftir að mæti á þessa fundi séu boðaðir, en verkstjórinn skal í öllum tilfellum mæta á verkfundina.

Verktaki skal halda dagbók yfir verkið. Í hana skal skrá verkefni hvers dags, mannafla skv. starfsgreinum, tæki, veðurfar og annað sem þýðingu hefur fyrir framgang verksins. Einnig skal verktaki skrá þar fyrirspurnir sínar og ábendingar til eftirlits, og umsjónarmaður eða eftirlitsmaður verkkaupa útskýringar sínar. Getur hvor aðili um sig óskað undirritunar hins til staðfestingar á því að þessi skilaboð hafi komist til skila. Dagbókina skal færa í þríriti. Umsjónarmaður skal fá frumrit dagbókarblaða vikulega og kvitta fyrir móttöku þeirra. Verktaki tekur 1. afriti en 2. afrit skal vera kyrrt í bókinni á vinnustað.

0.8.2 Gæði verksins

Almennum kröfum um gæði verksins er lýst í kafla 4.3 í ÍST 30. Öll vinna og allt efni til verksins skal vera í samræmi við kröfur útboðsgagna. Forsvarsmenn verksins skulu hafa þá reynslu sem með þarf við framkvæmd þess, þ.e. reynslu af stjórnun sambærilegra verka og full réttindi þar sem þeirra er þörf. Öll vinna sem krefst fagþekkingar skal unnin af mönnum með full réttindi í viðkomandi faggrein. Lagning rafstrengja skal vera á ábyrgð löggilts rafverktaka og skal hann hafa umsjón með lagningu þeirra.

Af hálfu verkkaupa verður fylgst með að allt efni fullnægi gerðum kröfum samkvæmt verklýsingu. Verktaki skal framvísa fullgildum gæðavottorðum með öllu efni sem hann hyggst nota og staðfesta gæði með rannsóknarniðurstöðum eftir því sem krafist er í verklýsingu.

Ef eitthvert einstakt verk er illa af hendi leyst, eða efni sem notað hefur verið reynist gallað, að dómi verkkaupa, getur eftirlitsmaður hvenær sem er krafist þess, að verkið verði unnið að nýju á kostnað verktaka, þótt ekki sé komið að úttekt á verkinu.

Eftirlitsmaður getur sett tímatakörk um hvenær það sem áfátt er talið, skal vera lagfært og heimilt er að stöðva greiðslur til verktaka uns þær lagfæringar hafa farið fram, sem eftirlitsmaður óskar eftir.

0.8.3 Efnisval og vinnuaðferðir

Þjóðandi skal í tilboði sínu miða við það efni og þær vinnuaðferðir sem útboðsgögn tilgreina. Á framkvæmdatíma er verktaka heimilt, að höfðu samráði við eftirlitsaðila, að bjóða annað efni eða aðra vinnutilhögun en útboðsgögn kveða á um, og skal hann þá leggja fram upplýsingar um frávikið sbr. grein 4.3.4 í ÍST 30, og kostnaðarbreytingu því fylgjandi. Verkkaupi gerir samanburð á frá-vikum með tilliti til verðs og gæðamismunar og hefur ákvörðunarrétt um hvaða efni eða vinnuaðferð verður fyrir valinu. Allan kostnað sem til fellur vegna samanburðar á öðru efni eða vinnuaðferðum skal verktaki greiða, óháð samþykki eða synjun verkkaupa.

0.8.4 Málsetningar og mælingar

Verktaki fær frá verkkaupa nægilegar upplýsingar til að staðsetja verk sitt og skal verktaki síðan á grundvelli þeirra upplýsinga annast allar staðsetningar, og skulu þær gerðar af aðila sem vanur er slíkri vinnu og verkkaupi hefur viðurkennt.

0.8.5 Sýnishorn og prófanir

Verktaki skal fá samþykki verkkaupa á öllu efni sem hann leggur til verksins, og ber honum að leggja fram sýnishorn af efninu sé þess óskað. Skal það gert með góðum fyrirvara, þannig að nauðsynleg umfjöllun verkkaupa valdi ekki töfum á framkvæmdum. Einnig er verktaka skylt að gera sýnishorn af vinnu og prófanir á efni að beiðni verkkaupa. Nánari ákvæði um þessi atriði er að finna í verklýsingu.

0.8.6 Samskipti við yfirvöld

Verktaki skal afhenda umsjónarmanni verkkaupa afrit af öllum samskiptum sínum við byggingar-yfirvöld og önnur þau yfirvöld sem tengjast framkvæmdinni. Ekki má sækja um undanþágu frá gildandi lögum eða reglugerðum án undangengins samþykkis verkkaupa. Verktaki skal, eftir atvikum, einnig afhenda staðfestingu á því að byggingarstjóri og iðnmeistarar hafi skráð sig á verkið hjá viðkomandi byggingarfulltrúa.

0.8.7 Úttekt

Almennum kröfum um framkvæmd úttektar er lýst í kafla 4.4 í ÍST 30.

Verktaki skal tilkynna umsjónarmanni verkkaupa skriflega hvenær úttekt verksins geti farið fram. Þegar það er gert, eiga verktaki og eftirlitsaðilar verkkaupa þegar að vera búnir að framkvæma forúttekt á verkinu, og verktaki að lagfæra allt það sem þá reyndist þurfa lagfæringa við, til þess að ekki þurfi að koma til annarar úttektar. Það getur þó gerst ef verkinu er verulega ábótavant, en ef einungis komu fram smávægilegar athugasemdir við úttektina, skal viðkomandi eftirlitsaðili tilkynna skriflega, þeim sem viðstaddir voru, þegar búið er að bæta úr ágöllum, án þess að gerð sé önnur formleg úttekt. Ef boða þarf til annarar úttektar skal verktaki greiða þann kostnað verkkaupa sem til fellur vegna hennar.

Við úttekt yfirfara fulltrúar verkkaupa og verktaka (auk undirverktaka þar sem við á) allt verkið. Telji eftirlitsaðili verkkaupa að eitthvað sé vangert eða að úrbóta sé þörf, skal hann að lokinni úttekt án tafar afhenda verktaka orðsendingu (úrbótalista) um öll atriði sem lagfæra þarf.

Ef í verkinu eru þættir sem krefjast sérstakrar úttektar opinberra aðila, t.d. byggingarfulltrúa, rafveitu, Löggildingarstofu, Heilbrigðiseftirlits ríkisins eða Eldvarnareftirlits skulu þessir aðilar hafa verið boðaðir til sérstakra úttekta (einn eða fleiri saman) ásamt fulltrúum verktaka og verkkaupa, áður en formleg úttekt verkkaupa fer fram. Komi fram athugasemdir frá þessum fulltrúum opinberra stofnana, geta þeir sjálfir ákveðið hvort önnur úttekt að þeim viðstöddum skuli fara fram.

Verkinu telst lokið sé öllum eftirtöldum atriðum fullnægt:

1. Að verktaki hafi lokið öllu verki sínu í samræmi við útboðsgögn.
2. Að fullnægjandi niðurstöður allra fyrirskrifaðra prófana liggja fyrir.
3. Að fullnægjandi gögnum með öllu efni sem notað var við framkvæmdina, og krafist var gagna um, hafi verið skilað. Einnig að öllum ábyrgðarskrárum af öllu efni sem ábyrgð er gefin á hafi verið skilað.
4. Að fyrir liggja úttekt eins og krafist er frá þeim opinberu aðilum sem hlut eiga að máli.
5. Að verkkaupa hafi verið afhentar allar innmælingar, og upplýsingar um breytingar á útfærslum frá teikningum, sem áður höfðu verið samþykkt, svo sem á legu lagna o.fl.

Hafi atriði 1-5 hér að framan verið staðfest sem fullafgreidd við úttektina skal verkkaupi gefa út án tafar vottorð um úttekt, úttektargerð, og telst hann þá hafa tekið við verkinu frá úttektardegi að telja og hefist þar með ábyrgðartími verksins. Sé hinsvegar eitthvað vangert eða ekki í samræmi við lýsingar eða teikningar skal það metið af fulltrúum verkkaupa og greiðslu fyrir viðkomandi atriði haldið eftir. Verktaki fær eðlilegan frest til þess að ljúka þeim verkum sem talin eru ófullnægjandi við úttekt þessa, og fær þau þá greidd eftir fyrrgreindu mati, þegar staðfest hefur verið að hann hafi lokið viðkomandi verki.

Um dulda galla eða annað, sem kann að yfirsjáast við úttekt, en verktaki er ábyrgur fyrir, gilda ákvæði kafla 4.5 í ÍST 30. Fyrir lok ábyrgðartímans, sem er 1 ár, mun verkkaupi ásamt fulltrúum verktaka yfirfara verkið, en almennum ákvæðum um ábyrgð á verki er lýst í grein 4.4.11 og kafla 4.4 í ÍST 30.

0.9 Teikningaskrá

Verkið skal unnið samkvæmt eftirfarandi teikningum :

0.9.1 Teikningar arkitekts

nr.	efni	kvarði
A001	Grunnmynd og afstöðumynd	100,1:500
A002	Útlitsmyndir, Sniðð AA og skráningatafala	1:100
S001	Grunnmynd hluti nr 1	1:50
S002	Grunnmynd hluti nr 1	1:50
S003	Snið AA , BB, útlit anddyri	1:50
S004	Gluggar og útihurðir	1:20
S005	Deilimyndir	1:20
S006	Innihurðir, felliveggur, snið í milliveggi	1:20
S007	Loftaplan	1:50
S008	Innréttingar nr. 1 Snyrting barna og inngang.	1:20
S009	Innréttingar nr. 2 Snyrting barna og inngang.	1:20
S010	Innréttingar nr. 3- Eldhús og geymsla	1:20
S011	Innréttingar nr. 4 -Starfsmannaaðstaða	1:20
S012	Innréttingar nr 5 -Múnaskápur í sal ofl.	1:20

S013	Grunnmynd gólfefna	ekki mlkv.
S014	Grunnmynd af rifum á veggjum ofl.	ekki mlkv.
S015	Grunnmynd áf áfangaskiptingu framkv.	ekki mlkv.

0.9.2 Teikningar Burðarþolshönnuðar

nr.	efni	kvarði
1B	Grunnmynd sökklá	1:50
2B	Grunnmynd þakvirkis	1:50
3B	Sniðmyndir í burðarvirki	1:20
4B	Sökkuleiningar	1:50
5B	Útveggjaeiningar	1:50

0.9.3 Teikningar Loftræsti og pipulagnahönnuðar

nr.	efni	kvarði
300	Lagnir, skýringar	0:0
301	Frárennsli, Yfirlit og afstaða	0:0
302	Frárennsli,- Grunnmynd 1/2	0:0
303	Frárennsli,- Grunnmynd 2/2	0:0
340	Neysluvat,- Grunnmynd 1/2	0:0
341	Neysluvat,- Grunnmynd 2/2	0:0
342	Neysluvatn rúmmynd	0:0
350	Hitakerfi,- Gólfhitalagnir- Grunnm. 1/2	0:0
351	Hitakerfi,- Gólfhitalagnir- Grunnm. 2/2	0:0
352	Hitalagnir-Stofnar-Grunnmynd 1/2	0:0
353	Hitalagnir-Stofnar-Grunnmynd 2/2	0:0
355	Hitalagnir-Stofnar- Rúmmynd	0:0
360	Lagnir-Kerfismyndir hita-og neysluv. kerfa	0:0
751	Loftræsting og lagnir- Sniðmyndir	0:0
400	Loftræsting almennar skýringar	0:0
401	Loftræsting – Grunnmynd 1/2	0:0
402	Loftræsting – Grunnmynd 2/2	0:0
410	Loftræsting - Rúmmynd	0:0
451	Loftræsting-Kerfismynd, lýsing og tækjal. Kef.600	0:0
751	Loftræsting og lagnir- Sniðmyndir	0:0

0.9.4 Teikningar Raflagnahönnuðar

nr.	efni	kvarði
R0.000	Rafkerfi, sökkulskaut,	0:0
R1.011	Lágspenna, 1 hæð Grunnmynd 1	1:50
R1.012	Lágspenna, 1 hæð Grunnmynd 2	1:50
R2.011	Lampaplan Grunnmynd 1	1:50
R2.012	Lampaplan Grunnmynd 2	1:50
R3.011	Smáspenna Grunnmynd 1	1:50
R3.012	Smáspenna Grunnmynd 2	1:50
R5.011	Stýrikerfi Grunnmynd 1	1:50
R5.012	Stýrikerfi Grunnmynd 2	1:50

R6.011 Einlínmynd

0:0

Teikningar tilheyrandi útboðsgögnum geta verið minnkaðar og eru þá tilgreindir mælikvarðar þeirra ekki réttir. Verkkaupi mun leggja verktaka til 3 teikningasett í réttum mælikvarða áður en hann hefur verk sitt.

Verkkaupi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari teikningar, telji hann ástæðu til þess.

0.10 Ýmis form og eyðublöð

0.10.1 Form verksamnings

Undirritaðir, hér eftir nefndur verktaki, og Bæjarsjóður Garðabæjar, hér eftir sameiginlega nefndir verkkaupi, gera með sér eftirfarandi samning:

1. grein

Verktaki tekur að sér verkið **Leikskólinn Kirkjuból - viðbygging og endurnýjun leikskóla** fyrir verkkaupa í samræmi við meðfylgjandi útboðsgögn, tilboð verktaka dags. og verkáætlun hans, sem verkkaupi hefur samþykkt. Öll framantalin gögn ásamt bankatryggingu verktaka teljast hluti samnings þessa.

2. grein

Fyrir framangreint verk ber verkkaupa að greiða verktaka fjárhæð þá sem tilgreind er í tilboði verktaka, kr....., með þeim breytingum og á þann hátt sem útboðsgögn gera ráð fyrir.

3. grein

Rísi mál út af samningi þessum skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjaness

4. grein

Af samningi þessum eru gerð 5 samhljóða frumrit, eitt fyrir hvern aðila.

Garðabæ 2019

f.h. verkkaupa:

f.h. verktaka:

Vottar:

Fylgiskjöl: Útboðsgögn verkkaupa
Verkáætlun verktaka
Verktrygging (bankatrygging)
Tilboð verktaka ásamt útfylltri tilboðsskrá
Skrá yfir stjórnendur verks og undirverktaka

0.10.2 Form verktryggingar

Með samningi dags. 2019 tekur sem verktaki að sér verkið, **Leikskólinn Kirkjuból - Endurnýjun leikskóladeildar** fyrir Bæjarsjóð Garðabæjar, sem verkkaupa.

Hér með tekur fulla ábyrgð á því, að nefndur verktaki fullnægi í einu og öllu skyldum sínum við verkkaupa, samkvæmt samningsgögnum um ofangreint verk.

Ábyrgðin hefst við undirskrift þessarar yfirlýsingar, og miðast við kr....., en lækkar í kr er endanleg úttekt á verkinu hefur farið fram, sem áætlað er að verði ímánuði 2019, og fellur niður ári síðar, enda hafi verktaki þá efnt samningsskyldur sínar að fullu. Óheimilt er að lækka eða fella niður þessa verktryggingu nema til komi skrifleg heimild þar að lútandi frá verkkaupa.

Verkkaupi getur krafist undirritaðan um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, einhliða og án undangengins dóms, ef hann telur það nauðsynlegt, til að bæta galla sem fram hafa komið á verki verktaka, eða til greiðslu á hverskonar kostnaði, sem hann hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka á ákvæðum verksamnings, og skal greiðslan fara fram innan 14 daga frá því að hennar er krafist.

Dags. _____

Undirskrift og stimpill

Vottar : _____

0.10.3 Form fylgiblaðs með tilboði

Þjóðandi skal skila með tilboði sínu - á svipuðu formi og hér er sýnt - skrá yfir nöfn allra þeirra sem gegna eiga lykilhlutverkum við framkvæmd verksins. Einnig skal skrá alla iðnmeistara og undirverktaka og upplýsingar um þá.

 Yfirstjórnandi verks

 Kennitala

 Verkreynsla

 Verkstjóri

 Kennitala

 Verkreynsla

 Löggiltur iðnmeistari

 Kennitala

 Verksvið

 Verkreynsla

 Undirverktaki

 Kennitala

 Forsvarsmaður

 Kennitala

 Verksvið

X TILBOÐSSKRÁ - SKÝRINGAR

X.1 Einingaverð

Þjóðandi skal fylla út sundurliðunarskrá þá sem fylgir hér á eftir, aftan við tilboðsblað. Í sundur-liðun tilboðs er verkinu skipt í verkþætti í samræmi við verklýsingu, og þeir magnteknir

Vakin er athygli á því, að verktaka ber að skila verkinu eins og því er lýst í útboðsgögnum, þannig að þó að einhverjir verkhlutar komi ekki fram í sundurliðun tilboðsskrár, ber verktaka að vinna þá.

X.2 Tímavinna

Fyrir aukaverk og önnur verk, sem verktaki vinnur fyrir verkkaupa og ekki eru innifalin í öðrum tilboðsliðum verður greitt skv. tímavinnugjaldi og útlögðum efniskostnaði, eða skv. öðru umsömdu gjaldi sem verktaki og verkkaupi ganga frá áður en framkvæmdir við verkið hefjast.

Ef greitt verður fyrir slík verk skv. tímavinnugjaldi og útlögðum efniskostnaði skal fara eftir þeim reglum sem gerð er grein fyrir í þessum kafla. Verktaki og eftirlit skulu daglega ganga frá fjölda tíma á vélar og menn sem vinna skv. tímavinnu.

Telji verktaki að einhver hluti verks sem hann vinnur eða á að vinna sé aukaverk eða falli á annan hátt undir ofangreinda skilgreiningu skal hann tilkynna eftirliti það strax. Vakin er athygli á því að ekki má vinna nein aukaverk, nema fyrir liggja verkbeiðni frá eftirlitsmanni. Sama gildir um öll tímavinnuverk.

X.2.1 Vélavinna

Ekki verður greitt skv. þessum lið fyrir smærri tæki, svo sem trésmíðavélar, rafsúðuvélar, skurð- og slípitæki eða handverkfæri, heldur skal notkun þeirra innifalin í launum
Greiddur tímafjöldi er raunverulegur unninn tímafjöldi. Ekki verður greitt fyrir flutning tækja að og frá verkinu nema sérstaklega sé um tækin beðið af eftirlitsmanni.

X.2.2 Vinnulaun

Verktaki leggur til þann mannafla sem nauðsynlegt er við framkvæmd verka sem unnin eru í tíma-
vinnu.

Greiðsla fyrir unna klukkustund er heildargreiðsla sem verkkaupi innir af hendi fyrir hverja klst. sem verktaki vinnur í tímavinnu fyrir verkkaupa. Innifalinn í einingarverðum er allur kostnaður, sem fylgir því að hafa menn í vinnu, þ.m.t. fæðis- og flutningskostnaður, kaup á ferðum að og frá vinnustað, verkstjórn, yfirstjórn o.s.frv.

Tímagjald er jafnaðargjald, óháð á hvaða tíma sólarhrings og hvaða daga er unnið.

Verktaki fær greiddan þann tímafjölda sem starfsmenn hans vinna beint við tímavinnuverk þ.e. raunverulega unninn tíma, óháð því hvernig tímaskrift þeirra sjálfra er háttað. M.a. verður ekki greitt fyrir kaffitíma, matartíma, ferðatíma eða aðra óunna tíma sem starfsmenn fá greidda skv. kjarasamningum. Einungis er greitt fyrir verkstjórn þegar verkstjóri vinnur sjálfur beint við verkið.

Í tímavinnu iðnaðarmanna skal innifalin notkun trésmíðavéla og allra nauðsynlegra handverkfæra.

X.2.3 Efni

Verktaki leggur til allt efni sem nauðsynlegt er við framkvæmd verka sem unnin eru í tímavinnu.

Fyrir efni sem verktaki útvegar vegna tímavinnuverka verður greitt raunverulegt kostnaðarverð þess. Auk þess verður greitt 10% álag fyrir efnisútvegum, flutning, umsjón, geymslu o.þ.h.

X.4 Tilboðsblað

Tilboðsblað er fremstasíða í magntöluskrá.